

Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Þriðjudaginn 15. júlí 2025 kl. 9:30

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð. Sömuleiðis Víðir Þorvarðarson framkvæmdastjóri félagsins.

Dagskrá:

1. Niðurstöður útboðs

Þann 10. júní sl. var birt á vef Vestmannaeyjabæjar auglýsing um sölu fjarskiptainnviða Eyglóar. Var auglýsingin í framhaldinu sömuleiðis birt á vef og síðum Morgunblaðsins, á vefsíðu Vísis sem og á staðarmiðlum í Vestmannaeyjum.

Frestur til að skila tilboðum rann út á hádegi föstudaginn 11. júlí sl.

Eitt tilboð barst frá Mílu hf. og hljóðaði það upp á 705 milljónir króna.

Niðurstaða:

Stjórnin ræddi kautilboð Mílu og samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Mílu á grundvelli þess kautilboðs sem liggur fyrir og felur stjórnarformanni ásamt lögmanni félagsins að leiða þá samningsgerð.

Endanlegur samningur yrði borinn undir stjórn á næsta fundi sem tekur afstöðu til hans með fyrirvara um samþykki bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 10:10.